

B. Veiðarfæri:

- 39.01.06 Handfæralínur í þessum tollskrárnúmerum.
- 39.07.31 Nótaflotholt o. fl.
- 39.07.33 Lóðabelgir.
- 40.14.01 Botnrúllur.
- 41.01.11 Nautshúðir í botnvörpur.
- 44.28.81 Botnvörpuhlerar o. fl.
- 45.03.01 Netja- og nótakorkur.
- 59.05.01 Fiskinetjaslöngur aðrar en úr polyethylen og/eða polypropylen.
- 70.21.01 Netjakúlur.
- 73.25.02 Virkaðlar meira en 0.5 cm. að þvermáli.
- 73.40.41 Veiðarfæralásar o. fl.
- 74.19.01 Veiðarfæralásar o. fl.
- 76.16.01 Netjakúlur.
- 93.04.02 Hvalveiðibyssur.
- 93.07.21 Skutlar og skot í hvalveiðibyssur.
- 97.07.01 Fiskiönglar venjulegir.

C. Salt o. fl.:

- 09.10.01 Síldarkrydd.
- 25.01.09 Salt.

Fjármálaráðuneytið, 3. október 1968.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 280 30. des. 1966, um útvarpsrekstur ríkisins, sbr. breyting á þeirri reglugerð nr. 19 27. janúar 1967.

1. gr.

27 gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Innheimtudeild Ríkisútvarpsins er heimilt að innsigla hljóðvarps- eða sjónvarpsviðtæki, hafi afnotagjaldskrafa eigi verið innleyst innan þriggja mánaða frá gjald-daga hennar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um útvarpsrekstur ríkisins nr. 68 28. des. 1934, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. október 1968.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.